

Alþingi  
Erindi nr. þ 125/1149  
komudagur 21.3.2000

Miðhúsum 20. mars 2000

Umhverfisnefnd Alþingis  
hr. formaður Ólafur Örn Haraldsson.

**Umsögn Landssamtaka skógareigenda (LSE) um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (lagt fyrir Alþingi á 125. Löggjafarþingi 1999-2000)**


Landshlutabundin skógræktarverkefni vinna að uppbyggingu nýrrar atvinnugreinar á landsbyggðinni og gera ítarlega áætlun fyrir hvert lögbýli sem óskar eftir að taka þátt í verkefnunum. Áætlunin byggir á mati á áhrifum fyrirhugaðrar skógræktar á viðkomandi vistkerfi og verndarsvæði þar sem fylgt er viðamiklum gátlista til að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif skógræktarinnar. LSE telja því að vissulega beri að viðhafa vönduð vinnubrögð í undirbúningi skógræktarverkefna og fagna því framkomnu frumvarpi um mat á umhverfisáhrifum þar sem margt er í framfaraátt.

LSE benda á að núverandi áform um landshlutabundin skógræktar-verkefni, gera ráð fyrir að á næstu 50 árum verði skógar ræktaðir á einungis 5% flatarmáls láglandis. Ekki verður séð að þessi áform feli í sér stórkostlega hættu á alvarlegum umhverfisslysum hvað varðar varðveislu viðkvæmra landsvæða eða ógni fjölbreytileika lífríkis. Á þeim forsendum er varhugavert að íþyngja vaxtarmöguleikum dreifbýlissamfélaga með afar kostnaðarsömum vinnureglum.

Landssamtök skógareigenda mótmæla harðlega þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af mati á umhverfisáhrifum fyrir eistaka landeigendur í skógrækt. Kostnaðurinn getur numið um 1.-3. milljónum króna í hverju tilfalli (munnl. upplýsingar frá Vegagerð ríkisins á Reyðarfirði). Augljóslega mun slíkt hafa í för með sér að flestir framkvæmdraðilar (bændur) munu ekki treysta sér til þátttöku í verkefnunum.

Í nýjum lögum um umhverfismat í Lettlandi sem samin voru af ESB er lagt til að stærðarmörk í skógrækt verði 1.000 ha sem lágmark til mats á umhverfisáhrifum. Til samræmis við framangreint leggja LSE til að í d. lið í viðauka 2. standi 1000 ha í stað 40 ha.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar LSE,

  
Edda Kr. Björnsdóttir formaður.